



***Fornleifaskráning vegna háspennulínu í
Hróarstungu***



Indriði Skarphéðinsson

2024

Forsíðumynd: Drónamynd af minjum [3190-001].




© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir
Apríl 2024

Efnisyfirlit


ABSTRACT	6
INNGANGUR	7
LEGA STRENGSINS	7
SKRÁNINGIN	7
STRAUMUR	8
3190-001 - Gerði.....	9
3190-002 – Gerði.....	10
3190-003 – Vörðubrot.....	11
3190-004 – Vörðubrot.....	11
3190-005 – Þúst.....	12
3190-006 – Girðing.....	13
3190-007 – Garðlag.....	13
3190-033 - Reiðgötur	14
GALTASTAÐIR FRAM.....	15
3190-008 – Girðing.....	17
3190-009 – Dæld.....	18
3190-010 – Girðing.....	19
3190-011 – Leið	20
3190-012 – Tóft – Vatnsmylla	20
3190-013 – Dys	21
3190-014 - Dys.....	23
3190-015 – Leið	23
3190-016 – Girðing.....	24
3190-017 – Garðlag – Aðhald	25
3910-018 - Girðing	26
3190-019 – Örnefni – Markhamar	27
KLEPPJÁRNSSTAÐIR.....	27
3190-020 – Leið – Vegur.....	28
3910-021 – Gerði.....	28
3190-022 – Girðing.....	29
3190-023 – Náthagi	30
BREKKA & LINDARHÓLL	32
3190-024 – Garðlag.....	33
3190-025 – Tóft.....	34

3190-026 – Garðlag – Landamerki.....	35
3190-027 – Niðurgröftur – Kolagröf.....	36
3190-028 – Dæld.....	36
3190-029 – Tóft.....	37
3190-030 – Þúst.....	38
3190-031 – Tóft.....	39
3190-032 – Tóft.....	40
NIÐURSTÖÐUR	40
MINJAR Í HÆTTU Í LANDI STRAUMS	41
MINJAR Í HÆTTU Í LANDI GALTASTAÐA FRAM.....	41
MINJAR Í HÆTTU Í LANDI KLEPPJÁRNSSTAÐA.....	44
MINJAR Í HÆTTU Í LANDI BREKKU.....	44
HEIMILDASKRÁ:.....	47
VIÐAUKI I. TAFLA YFIR SKRÁÐAR FORNLEIFAR	49
VIÐAUKI II. KORT.....	51



Abstract

RARIK hired Sagnbrunnur ehf, to conduct an archaeological survey of an area affected by a planned electrical cable in Hróarstunga, Múlaþingi. The project has the registration nr. 3190. During fieldwork 34 features were registered out of which 28 are considered protected archaeological remains. Out of the 27 protected archaeological features, 10 features are considered to be in danger because of the project. In those cases, counter-measures were suggested to prevent any disruption of the protected archaeological remains, such as slight changes to the planned route of the cable, where possible. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.



Mynd 1. Yfirlitskort yfir upprunalega og breytta legu strengs í Hróarstungu, Múlaþingi).

Inngangur

Að beiðni RARIK var starfsmaður Sagnabrunns ehf., Indriði Skarphéðinsson, fornleifafræðingur, ráðinn til að fornleifaskrá lagningu háspennustengs í Hróarstungu í Múlaþingi. Fulltrúar verkkaupa voru Haraldur Jónatan Klausen og Guðmundur Hólm. Fornleifaskráningin fékk verkefnanúmerið 3190 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningarinnar var að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á strengleiðinni, ásamt því að skoða lagnaleiðina á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Á vettvangi voru skráðar 33 minjar, 27 þeirra teljast uppfylla þau skilyrði að teljast til aldursfriðaðra fornleifa. Af þeim 27 fornleifum stafaði 20 þeirra hætta af framkvæmdunum. Vegna þessa var lögð til breyting á legu strengsins svo hlífa mætti þeim minjum sem hætta stafaði að. Við vettvangsskoðun á breyttri línu bættist ein fornleif við skráninguna í landi Straums en ekki er talin þörf á mótvægisaðgerðum vegna hennar. Einnig fækkaði minjum í hættu úr 20 niður í 10. Verður hér gerð grein fyrir þeim minjum sem skráðar voru, hverjum þeirra stafar hætta af framkvæmdinni og settar fram tillögur að mótvægisaðgerðum vegna þeirra.

Lega strengsins

Lega háspennustrengsins er áætluð frá bænum Straumi, norður eftir Tungunni að Hróarstunguvegi stutt austan við Hallfreðarstaði. Strenglögnin liggur í gegnum sex jarðir: Straum, Galtastaði fram, Kleppjárnsstaði, Brekku, Lindarhól og Kirkjubæ. Liggur heimtaug frá strengnum að Kleppjárnsstöðum, Galtastöðum fram, Kleppjárnsstöðum og sumarbústaðnum Lindarbæ.

Skráningin

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á svæðinu en Ármann Guðmundsson skráði fornleifar á Galtastöðum fram árið 2020¹ og hefur einnig farið fram eftirlit vegna framkvæmda á staðnum.² Fornleifaskráning hefur farið fram á hluta jarðarinnar Straums vegna lagningar

¹ Ármann Guðmundsson, (2020).

² Rannveig Þórhallsdóttir, (2023a) & (2023b).

ljósleiðara HEF.³ Eins liggur fyrir svæðisskráning fornleifa í Hróarstungu sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands.⁴ Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru innan framkvæmdarsvæðisins.

Indriði Skarphéðinsson fornleifafræðingur fór á vettvang dagana 26. og 29. janúar síðastliðinn, og aftur 9. mars til að taka út breytta legu. Fornleifar voru mældar upp með Trimble Nomad 5 og skoðuð voru 15 m mörk sitthvori megin við strenginn.

Straumur

Straumur er í jarðatali Johnsen metin á 12 hdr að dýrleika og skráð sem eign Desjarmýrakirkju og jörðin er talin meðal stiptisjarða 1760.⁵ Straumur er kirkjueign fram á 1920 en hefur verið bændaeign síðan.⁶ Straumur er forn jörð og bregður henni fyrir í Droplaugarsonasögu en á bænum bjó Helgi magri. Til vitnis um fornar rætur Straums eru fornir merkjagarðar sem afmarka landamerki jarðarinnar við Litla- Steinsvað til norðurs og Heykollstaða til austurs.⁷ Árið 1952 rannsakaði Kristján Eldjárn þáverandi þjóðminjavörður dys sem fannst stuttu neðan við þjóðveg gegnt bænum og kom í ljós að líklega væri þar kumlateigur úr heiðni. Svæðið var ekki fullgrafið og hugsast getur að fleiri kuml liggi í lyngmóanum á svæðinu í kring.⁸

Gamli bærinn að Straumi stóð um 500 m norðar en núverandi bæjarstæði, neðan við þjóðveginn, og var steinhúsið þar sem bærinn stendur nú reist árið 1966. Þá var reist hlaða á gamla bæjarstæðinu. Heimildir er um litlar vatnsveitingar og myllu við Steinsvaðslæk,

³ Rannveig Þórhallsdóttir, (2021).

⁴ Orri Vésteinsson & Sædis Gunnlaugsdóttir, (1998).

⁵ J. Johnsen, (1847), bls. 354.

⁶ Ármann Halldórsson, (1974), bls. 352.

⁷ Hjörleifur Guttormsson, (2008), bls. 221-223.

⁸ Kristján Eldjárn, (2016), bls. 235.

beðasléttur frá því um aldamótin 1900 og enn óhreyfðar kofarústir stóðu um árið 1974.⁹ Í landi Straums voru nú skráðar 8 minjar og teljast 7 þeirra til friðaðra fornleifa. Aðeins einum minjum, *Reiðgötur* [3190-033], stafar hættu af framkvæmdunum en eru minjarnar þess eðlis að ekki er talin þörf á mótvægisáðgerðum.

3190-001 - Gerði

Minjarnar eru staðsettar í brekku um 70 m vestan við íbúðarhúsið á Straumi. Um er að ræða 20x16 m stórt ferhyrnt aðhald með inngangi á suðurhlið. Svæðið er grasi gróið og eru veggir aðhaldsins mest um 1.5 m breiðir og á bilinu 0.2-0.8 m á hæð. Þétt umhverfis garðlagið sem myndar aðhaldið hefur verið grafið niður í brekkuna á öllum hliðum nema þeirri syðri, en þar eru veggirnir hæstir. Líklegast hefur verið grafið niður í brekkuna þar sem hún er brött og uppmoksturinn notaður í veggina eða í sléttun innan þeirra. Utan við norðausturhorn aðhaldsins er illa smíðaður kofi sleginn saman úr timbri, að öllum líkindum leikvöllur barna. Umhverfis og að litlum hluta undir suðurhlið gerðisins er eldri garður [3190-002] sem líklega hefur þjónað svipuðum tilgangi áður en yngra gerðið var reist. Árni Þórarinsson bóndi á Straumi þekkti engar sögur um minjarnar. Þó minjarnar standi stutt frá bænum nú þá hafa þær verið reistar áður en bærinn var færður og eru þær um hálfan kílómetra frá gamla bæjarstæðinu á Straumi. Suðurhluti minjanna lentu innan áhrifasvæði strengsins en breyting var gerð á legu hans og er fyrirhuguð lega hans nú um 16 m sunnan við minjarnar.



Mynd 2. Minjar [3190-001, mynd tekin til norðvesturs.

⁹ Ármann Halldórsson, (1974), bls. 352-353.

3190-002 – Gerði

Minjarnar eru staðsettar í brekku um 70 m vestan við íbúðarhúsið á Straumi. Um er að ræða nokkuð blásið og sokkið garðlag sem afmarkar um 40x50 m stórt svæði. Austurhlið gerðisins afmarkast ekki af garðhleðslu heldur lágum kletti sem stendur neðan við austurhlið brekkunnar. Mesta breidd veggja í garðlaginu er um 2 m og er hæð þeirra á bilinu 0.2-0.4 m. Minjar [3190-001] hafa að hluta til raskað garðlaginu syðst, en þar liggur veggur [3190-001] ofan á garðlaginu. Garðlagið er gróið grasi og lyngi en er töluvert uppblásið og þýft og er illgreinanlegt á jörðu niðri en sést greinilega á loftmynd. Þar sem minjarnar liggja efst í brekkunni eru þær að mestu horfnar en þar er rofið mest og niður á klöpp. Greina má nokkra stærri steina þar í sárinu og virðist a.m.k. einföld steinaröð vera í hleðslu veggisins. Suðurhluti minjanna lentu innan áhrifasvæði strengsins en breyting var gerð á legu hans og er fyrirhuguð lega hans nú um 15 m sunnan við minjarnar.



Mynd 3. Minjar [3190-001 & 3190-002], drónamynd tekin til norðurs.

3190-003 – Vörðubrot



Mynd 4. Vörðubrot [3190-003], mynd tekin til norðurs.

Vörðubrotið er staðsett á nokkuð gróðursnauðum hrygg vestan og ofan við Straum, spölkorn frá Steinsvaðslæk. Varðan er að mestu hrunin, skreytt appelsínugulum skófum sem sker sig nokkuð frá steinunum í melnum í kring. Vörðubrotið er um 1x1 m að stærð og um 0.3 m á hæð. Um 40 m utar er annað svipað vörðubrot. Aðspurður kvaðst Árni Þórarinsson bóndi á Straumi ekki þekkja til minjanna. Hann taldi þær ekki mjög fornar en erfitt getur verið að meta aldur vörðubrota. Minjarnar töldust í hættu vegna framkvæmdanna en vegna breytingar á legu strengsins stafar þeim ekki lengur hættu af framkvæmdinni.

3190-004 – Vörðubrot

Vörðubrotið er staðsett á gróðursnauðum hrygg vestan og ofan við Straum stutt frá Steinsvaðslæk. Vörðubrotið stendur um 40 m utan við vörðubrot [3190-003] og er aðeins reisulegri en hún. Varðan er um 1x1 m að stærð og um 0.3 m að hæð. Hleðslugrjótið í vörðunni sker sig lítið frá grjótinu á svæðinu. Aðspurður kvaðst Árni Þórarinsson bóndi á Straumi ekki þekkja til minjanna. Hann taldi þær ekki mjög fornar en erfitt getur verið að meta aldur vörðubrota. Minjunum stafar ekki hættu af framkvæmdunum.



Mynd 5. Vörðubrot [3190-004], mynd tekin til norðurs.

3190-005 – Þúst

Í mýrlendi sem liggur milli Krókavatns og Álftavatns er uppblásin þúst sem stendur lágt upp úr mýrinni. Þústin er vaxin grasi, lyngi og mosa, er skeifulaga um 12x8 m að stærð og með op til norðurs. Vegghæð virðist vera á bilinu 0.2-0.4 m og breidd þeirra um 1 m. Ekki er öruggt að minjarnar séu mannaverk og eru líkur á því að um náttúrulegt fyrirbæri sé að ræða. Minjunum stafar því ekki hættu af framkvæmdunum.



Mynd 6. Þúst [3190-005], mynd tekin til norðvesturs.

3190-006 – Girðing

Úr Álftavatni rennur Steinsvaðslækur til suðurs spölkorn og tekur síðan sveig og rennur til norðurs. Á tungunni sem lækurinn myndar sunnan við Álftavatn er mýri og lágir hryggir. Þar liggur lár og mjór garður á köflum þvert yfir tunguna. Vegghæð er á bilinu 0.1-0.2 m og um 0.5 m að breidd. Á stöku stað má sjá girðingastaura í garðinum og á einstöku stað sjást steinar. Er nokkuð öruggt að hér sé um að ræða gamla girðingu. Í Sveitum og jörðum er þess getið að túngaddavírgirðing og hestagirðing sé reist 1931.¹⁰ Líklega er þessi girðing reist eitthvað seinna en sést hún á gömlum loftmyndum landmælinga frá 1967 en ekki frá 1955. Trúlega hefur hún verið reist í kringum þann tíma sem íbúðarhúsin á Straumi eru fært sunnar um 1966. Minjarnar eru ekki greinilegar á áhrifasvæði strengsins og hafa ekki náð þeim aldri til þess að teljast fornleifar.



Mynd 7. Girðing [3190-006], mynd tekin til vesturs.

3190-007 – Garðlag

Þétt austan við Steinsvaðslæk stutt frá upptökum hans í Álftavatni er stutt garðlagsbrot sem gengur til austurs frá læknum. Garðlagið er í nokkuð sléttri dæld sem afmarkast af barði austan og norðan megin. Garðlagið er grasi gróið, um 6 m á lengd, 1 m á breidd og er hæð

¹⁰ Ármann Halldórsson, (1974), bls. 353.

Þess á bilinu 0.2-0.4 m. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en mögulega tengjast þær vatnsveitingum úr Steinsvaðslæknum. Minjarnar eru staðsettar um 15 m sunnan við áhrifasvæði framkvæmdanna og teljast því ekki í hættu.



Mynd 8. Garðlag [3190-007] við Steinsvaðslæk, mynd tekin til suðvesturs.

3190-033 - Reiðgötur

Um er að ræða reiðgötur sem liggja í sundi milli tveggja ása stutt utan og ofan við bæinn á Straumi. Gatan liggur á um 200 m löngu svæði og er á bilinu 10-20 m breið, breiðust í sundinu og mjókkar þar sem hún fer upp á ásana. Breytt lega strengsins kemur til með að þvera minjarnar en eru þær þess eðlis að ekki er talin þörf á mótvægisáðgerðum vegna framkvæmdanna.



Mynd 9. Reiðgötur [3190-033] í landi Straums, mynd tekin til vesturs.

Galtastaðir fram

Bærinn er nefndur Galtastaðir fremri í jarðatali Johnsen og er þar metin 12 hdr að dýrleika og eign kirkjunnar á Kirkjubæ.¹¹ Á 19. öld var tvíþýli oft á Galtastöðum fram en ekki eftir aldamótin, jörðin var kirkjueign fram yfir 1920 en bændaeign síðan.¹² Fyrstu heimildir um jörðina eru frá 1397 í Kirkjubæjarmáldaga, þar segir að kirkjan eigi hálfa jörðina á Galtastöðum efrum sem líklega á við um Galtastaði fram.¹³ Galtastaðir bregða einnig fyrir árið 1562 og er þar talin eign Heydalakirkju.¹⁴ Á Galtastöðum standa enn gömlu bæjarhúsin, fjósbaðstofa sem reist var árið 1882 og eru aðrir hlutir bæjarins eldri. Var húsið tekið í vörslu Þjóðminjasafns Íslands árið 1976 og var unnið að verulegum endurbótum á húsinu árin 1977-1984 og aftur 2005.¹⁵

Eins og fyrr segir hefur áður farið fram fornleifaskráning á Galtastöðum fram ásamt framkvæmdareftirliti þar sem teknir voru í heildina 21 grunnir könnunarskurðir árin 2020 og 2021 á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Tveir skurðir sem teknir voru árið 2021 standa næst fyrirhugaðri strengleið, annars vegar skurður sem tekin var vegna lagningar rotþróar upp að

¹¹ J. Johnsen, (1847), bls. 354.

¹² Ármann Halldórsson, (1974), bls. 351.

¹³ Íslenskt Fornbréfasafn IV, bls. 220.

¹⁴ Íslenskt Fornbréfasafn XIV, bls. 29.

¹⁵ Anna Lía Rúnarsdóttir, (2007), bls. 29.

íbúðarhúsinu á Galtastöðum (2021-lagnaskurður)¹⁶ og hins vegar grunnur skurður sem tekin var vegna lagningar göngustígs (2021-sk1).¹⁷ Skurðirnir voru teknir í og við minjar sem skráðar voru 2019.¹⁸ 2021-lagnaskurður var grafinn ofan í rotþró sem gengur austur frá íbúðarhúsinu í bæjarhólinn. Kom þar í ljós að bæjarhóllinn nær aðeins 4 m austur af húsunum en ekki 11 m líkt og mælingar fornleifaskráningarinnar gefa til kynna.



Mynd 10. Skráðar minjar árið 2019 og staðsetning könnunarskurða sem teknir voru árin 2020 og 2021 ásamt upprunalegri og breyttri legu strengsins.

Könnunarskurðurinn 2021-sk1 var grafinn við suður jaðar bæjarhólsins. Skurðurinn var 1.3x0.8 m á stærð og um 20 cm djúpur. Yfirborðs- og áfokslög voru greinanleg í skurðinum en engin mannvist fannst í honum. Ekki sáust nein gjóskulög í skurðinum en hann var aðeins 20 cm djúpur og er ekki útilokað að mannvist gæti leynst á meira dýpi.

Ásamt bæjarhólnum var skráð heimild um öskuhaug [2050-32] innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Um minjarnar segir: „Þegar girt var um bæinn árið 2014 kom í ljós í

¹⁶ Rannveig Þórhallsdóttir, (2023b), bls. 11.

¹⁷ Rannveig Þórhallsdóttir, (2023b), bls. 13.

¹⁸ Ármann Guðmundsson, (2020).

*hornstaurnum aska. Líklega var þá komið niður á öskuhauginn frá bænum og trúlega liggur hann utan í hryggnum við bæjarhólinn.*¹⁹ Möguleiki er á því að öskuhaugurinn geti legið á nokkuð stóru svæði utan í hryggnum austan við bæjarhúsin en þar liggur fyrirhuguð strengleið. Töluverðar líkur eru á því að framkvæmdirnar komi til með að raska öskuhaugnum. Minjar [2050-34] og [2050-21] lenda einnig innan áhrifasvæðis að hluta til, [2050-35] eru tvær niðurgrafnar rákir sem liggja austur-vestur og líklega er um minniháttar framræslu að ræða og [2050-21] er óþekkt hleðsla og lítill niðurgröftur.²⁰ Við fornleifaskráninguna nú voru skráðar 12 minjar og teljast 8 þeirra til friðaðra fornleifa. Af þeim eru 6 minjar sem stafar hætta vegna framkvæmdanna; Leið [3190-011], Vatnsmylla [3190-012], Dys [3190-013], Dys [3190-014], Leið [3190-015] og Aðhald [3190-017].

3190-008 – Girðing

Rúma 300 m austan og neðan við bæjarstæðið á Galtastöðum fram stendur mjór garður í tveimur pörtum við endann á gömlu túni, meðfram bæjarlæknum sem rennur þar hjá. Garðurinn er um 0.5 m breiður og á bilinu 0.2-0.4 m á hæð. Á stöku stað standa girðingarstaurar upp úr garðinum. Í búskaparannál Galtastaða fram segir að um 1928 var reist gaddavírsgirðing á undirhleðslum og hagagirðing '40.²¹ Girðingin virðist vera sýnileg á gamalli loftmynd LMÍ frá 1967 og er líklega reist um miðja 20. öldina. Minjarnar liggja að hluta til innan áhrifasvæði framkvæmdanna en teljast þó ekki til friðaðra fornleifa.

¹⁹ Ármann Guðmundsson, (2020), bls. 41.

²⁰ Ármann Guðmundsson, (2020), bls. 43.

²¹ Ármann Halldórsson, (1974), bls. 351.



Mynd 11. Girðingaleifar [3190-008], mynd tekin til vesturs.

3190-009 – Dæld



Mynd 12. Dæld [3190-009], mynd tekin til suðvesturs.

Minjarnar eru staðsettar þétt við lágan klett neðan við heimatúnið á Galtastöðum fram, nokkra metra neðan við bæjarlækinn. Um er að ræða dæld sem er um 3x3 metrar að stærð og 0.2-0.5 m djúp. Nokkuð er af grjóti í hliðum dældarinnar en ekki er ljóst hvort um eiginlega steinhleðslu sé að ræða. Virðist inngangur vera austan megin í dældinni.

Hlutverk minjanna er ekki ljóst en möguleiki er á því að lítið mannvirki hafi staðið í dældinni á einhverjum tímapunkti. Upp á klettinum sem dældin stendur upp við mátti finna rúllu af ryðguðum gaddavír undir lítilli grjóthrúgu.

Minjarnar standa um 25 m sunnan við áhrifasvæði framkvæmdanna og teljast því ekki í hættu vegna þeirra.

3190-010 – Girðing

Girðingin er staðsett rúma 300 m utan og neðan við bæjarstæðið á Galtastöðum fram í gömlu túni og liggur frá bæjarlæknum með leguna norður-suður. Um er að ræða lágan, grasi vaxinn garð, um 0.4 m á breidd og á bilinu 0.3-0.4 m á hæð. Á stöku stað má sjá gamla girðingastaura standa upp úr garðinum. Í búskaparannál Galtastaða fram segir að um 1928 er reist gaddavírgirðing á undirhleðslum og hagagirðing '40²² en á gamalli loftmynd LMÍ frá 1967 sjást engin merki um girðinguna. Lítill hluti norður enda girðingarleifanna liggur innan áhrifasvæðis framkvæmdanna en er hún líklegast reist eftir 1967 og telst því ekki til fornleifa.



Mynd 13. Girðingarleifar [3190-010], mynd tekin til suðurs.

²² Ármann Halldórsson, (1975), bls. 351.

3190-011 – Leið

Stutt utan við bæjarlækinn neðan heimatúnsins á Galtastöðum fram er stígur sem liggur upp hrygginn sem stendur þar neðan við heimatúnið. Um er að ræða einfaldan kindastíg í móanum, nokkuð vel greinilegur og virðist liggja áfram undir hryggnum til norðurs. Virðist stígurinn liggja út frá annarri leið [3190-014] sem liggur ofan á hryggnum. Aldur minjanna er nokkuð óræður en sennilega tilheyra þær síðasta hluta byggðar á Galtastöðum fram. Fyrirhuguð strengleið liggur í gegnum minjarnar en eru þær þess eðlis að ekki er talin þörf á mótvægisaðgerðum vegna þeirra.



Mynd 14. Leið [3190-011], mynd tekin til norðurs.

3190-012 – Tóft – Vatnsmylla

Neðan við heimatúnið á Galtastöðum fram er lágur klettahryggur, við hrygginn skiptist lækurinn í tvo farvegi sem sameinast neðan við hrygginn. Þétt við klettana, þar sem nyrðri farvegur lækjarins rennur, er lítil tóft sem virðist að hluta til grafinn inn í lága brekku. Þétt ofan við tóftina tvístrast farvegur lækjarins aftur og virðist hann hafa geta runnið sitthvoru megin við tóftina. Tóftin er lítil að innanmáli, um 1x1 m og eru veggir hennar hlaðnir grjóti og vaxnir grasi og mosa. Inngangur er á tóftinni til austurs. Útlit og eðli minjanna gefa sterklega til kynna að um vatnsmyllu sé að ræða sem vatni hefur verið veitt að þar sem lækurinn tvístrast ofan við hrygginn.

Í búskaparannál Galtastaða fram í Sveitum og jörðum í Múlaþingi er nefnd mylla við bæjarlæk sem sennilega er reist fyrir 1900.²³ Bygging mylla á Íslandi hófst um seinni hluta 18. aldar og eykst mikið á 19. öld en detta þær að mestu úr notkun á byrjun 20. aldar.²⁴ Líklega er myllan á Galtastöðum fram reist á 19. öldinni.

Minjarnar lágu um 5 m sunnan við legu strengsins en vegna breytinga á legu hans eru þær nú um 14 m frá fyrirhugaðri legu hans og eru framkvæmdirnar því á mörkunum á því að rjúfa friðhelgi minjanna.



Mynd 15. Vatnsmylla [3190-012], mynd tekin til suðvesturs.

3190-013 – Dys

Á lágum hrygg neðan við túnið á Galtastöðum fram eru tvær grjóthrúgur eða dysjar [3190-013 & 3190-014]. Minjar [3190-013] er um 1.5x1 m að stærð og samanstanda mestmegnis af smærra grjóti þó stærri steinar séu inn á milli. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en mögulega getur verið um minni háttar grjóthreinsun að ræða, grjóthrúgurnar eru spölkorn frá myllunni [3190-012] og gætu mögulega tengst þeim umsvifum sem fylgdu henni líkt og grjóthreinsun

²³ Ármann Halldórsson, (1974), bls. 351.

²⁴ Birna Lárusdóttir, (2012), bls. 177.

úr læknum. Svæðið umhverfis er nokkuð blásið og stutt er niður á klöpp en grjóthrúga [3190-14] situr beint ofan á klöppinni.

Minjarnar lágu í um 2 m fjarlægð frá fyrirhugaðri legu strengsins en vegna breytingar á línunni liggja þær nú í um 11 m fjarlægð frá breyttri legu hans og rjúfa framkvæmdirnar friðhelgað svæði umhverfis minjarnar.



Mynd 16. Dys [3190-013] mynd tekin til norðvesturs.

3190-014 - Dys



Mynd 17. Dys [3190-014], mynd tekin til vesturs.

Á lágum hrygg neðan við túnið á Galtastöðum fram eru tvær grjóthrúgur eða dysjar [3190-013 & 3190-014]. Minjar [3190-014] eru um 1.5x1.5 m að stærð og er samansafn af nokkuð litlu grjóti í hrúgu. Grjóthrúgan stendur beint ofan á klöpp og er lítillega gróið við austurhlið hennar. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en mögulega getur verið um minni háttar grjóthreinsun að ræða. Grjóthrúgurnar eru spölkorn frá myllunni [3190-12] og gætu mögulega tengst þeim umsvifum sem fylgdu henni, svo sem grjóthreinsun úr læknum. Minjarnar lágu í um 13 m fjarlægð frá fyrirhugaðri legu strengsins en vegna breytingar á línunni liggja þær nú í um 5 m fjarlægð frá breyttri legu hans og rjúfa framkvæmdirnar friðhelgað svæði umhverfis minjarnar.

3190-015 – Leið

Neðan við túnið á Galtastöðum fram er lágur hryggur og eru minjarnar staðsettar á hryggnum. Leiðin liggur um þýft svæði sem er illa leikið af uppblæstri. Leiðin samanstendur af tveim rásum með stuttu millibili sem virðast liggja út eftir hryggnum meðfram túninu. Fyrirhuguð lega strengsins kemur til með að þvera leiðina og teljast minjarnar því í hættu, eru minjarnar þó þess eðlis að ekki er talin þörf á mótvægisáðgerðum.



Mynd 18. Leið [3190-015], heimatún og bæjarhóll Galtastaða fram í baksýn. Mynd tekin til suðurs.

3190-016 – Girðing

Neðan við heimkeyrsluna að Galtastöðum fram og nokkra metra innan við bæjarlækinn liggur lágur og mjór garður. Garðurinn er grasi vaxinn, vegghæð hans er á bilinu 0.2-0.4 m og er breidd hans um 0.3 m. Garðurinn er að öllum líkindum leifar girðingar sem þarna hefur staðið. Í búskaparannál Galtastaða fram segir að um 1928 hafi verið reist gaddavírgirðing á undirhleðslum og hagagirðing '40.²⁵ Girðinguna má sjá á gamalli loftmynd LMÍ frá 1967 og er trúlega reist um miðja 20. öldina, í fyrsta lagi upp úr 1928. Fyrirhuguð lega strengsins er þvert í gegnum minjarnar og eru þær því í hættu vegna framkvæmdanna, en njóta þó ekki friðunar vegna aldurs.

²⁵ Ármann Halldórsson, (1974), bls. 351.



Mynd 19. Girðingarleifar [3190-017], mynd tekin til suðausturs.

3190-017 – Garðlag – Aðhald

Minjarnar standa stutt neðan við heimreiðina utan við Galtastaði fram, spölkorn innan við bæjarlækinn. Um er að ræða nokkuð gróft og þykkt garðlag sem myndar eins og U-laga aðhald upp við girðingu [3190-016]. Vegghæð virðist vera á bilinu 0.3-0.7 m og er mesta breidd um 2 m. Stór steinn stendur upp úr vestur vegg garðlagsins og þar er veggurinn breiðastur. Svæðið í kring er grasi gróið, nokkuð stórþýft og stór björg standa upp úr þýfinu og gæti mögulega verið um náttúrumyndun að ræða. Minjarnar stóðu um 2 m vestan við fyrirhugaða legu strengsins en vegna breytinga á línunni standa þær nú tæpa 13 m austan við legu strengsins og rjúfa framkvæmdirnar friðhelgað svæði minjanna.



Mynd 20. Aðhald [3190-017], bæjarhóll Galtastaða fram í bakgrunni. Mynd tekin til suðurs.

3910-018 - Girðing

Ofan við heimreiðina að Galtastöðum fram, um 500 m utan við bæjarstæðið, er lágt garðlag sem liggur norður-suður. Garðurinn stendur í grasi gróinni mýri, er um 0.2-0.3 m á hæð og um 0.5 m á breidd. Á stöku stað má sjá girðingarstaura standa upp úr garðinum. Minjarnar sjást ekki á loftmynd LMÍ frá 1967 en eru greinilegar á loftmynd frá 1993 og er girðingin því líklega reist á því tímabili. Minjarnar eru í vegi fyrirhugaðs strengs og stafa því hættu af framkvæmdunum, en teljast þó ekki til friðaðra fornleifa.



Mynd 21. Girðingarleifar [3190-018], bæjarhóll Galtastaða fram í bakgrunni. Mynd tekin til suðurs.



Mynd 22. Markhamar [3190-019] á landamerkjum Galtastað fram og Kleppjárnsstaða. Mynd tekin til suðurs.

Í örnefnaskrá Galtastaða fram segir: „*Ofan við Bergvinsás er klettur, sem heitir Markhamar. Hann er í svokölluðu Efrasundi.*“ Stendur hamarinn á mörkum Galtastaða fram og Kleppjárnsstaða. Minjarnar eru ekki í hættu vegna framkvæmdanna.

Kleppjárnsstaðir

Í jarðatali Johnsen er jörðin í bændaeigu og metin á 6 hdr að dýrleika og hefur jörðin almennt verið í bændaeign.²⁶ Jörðin er staðsett milli Galtastaða fram að sunnan og Brekku að norðan, forn landamerkjagjarður skilur svo lönd Kleppjárnsstaða og Litla Steinsvaðs milli Búðarvatns og Álftavatns. Landrými er heldur lítið á jörðinni og skiptist landið í mýrarfláka og lága ása.²⁷ Í heildina voru fimm minjar skráðar í landi Kleppjárnsstaða en aðeins þrjár þeirra teljast til eiginlegra fornleifa. Eru það nátthagi og stekkur milli Nátthagakletts og Stekkavatns norðan við bæinn og lítið gerði þétt neðan við veginn, nokkuð beint austur af bænum. Vegna breytinga á fyrirhugaðri línu stafar aðeins gerðinu [3190-021] hætta af framkvæmdunum en þær rjúfa friðhelgi minjanna.

²⁶ J. Johnsen, (1847), bls. 354.

²⁷ Ármann Halldórsson, (1974), bls. 344.

3190-020 – Leið – Vegur



Mynd 23. Vegur [3190-020] þar sem hann þverar mýrina austan við Kleppjárnsstaði. Mynd tekin til austurs.

Stuttu innan við nafnlausu tjörn á og undir svokölluðum Mel og áfram að Kleppjárnsstöðum liggur gamli akvegurinn. Vegurinn er tæpir 3 m á breidd og uppbyggður þar sem hann þverar mýrina. Vegagerð í Hróarstungu fór af stað upp úr 1928, en það var ekki fyrr en 1960 sem bílfært var heim að öllum bæjum.²⁸ Á Herforingjaráðskorti Dana frá 1934 er merktur inn vegur á milli Litla-Steinsvaðs og Kleppjárnsstaða²⁹ og má ætla að það sé vegurinn sem skráður var nú og mætti því tímasetja hann til 1928-34.

Fyrirhuguð lega strengsins kemur til með að þvera minjarnar og stafar þeim hætta af framkvæmdunum. Minjarnar eru þó það ungar að þær teljast ekki friðaðar fornleifar.

3910-021 – Gerði

Austan við bæjarstæðið á Kleppjárnsstöðum og þétt við veginn stendur lítið ferhyrnt gerði. Veggir gerðisins eru lágir og nokkuð mjóir, um 0.2-0.3 m á hæð og um 0.5 m á breidd. Innan

²⁸ Ármann Halldórsson, (1974), bls. 313.

²⁹ Herforingjaráðskort, (1934).

gerðisins er nokkuð slétt 13x16 m stórt grasi gróið svæði, en utan þess er lynggrónar þúfur. Hlutverk gerðisins er óþekkt en mögulega er um lítið aðhald eða kálgarð að ræða, líklega frá seinni hluta 19. aldar eða fyrri hluta 20. aldar. Minjarnar eru vel greinilegar á loftmynd LMÍ frá 1967.

Fyrirhuguð lega strengsins lá í gegnum minjarnar en breytt lega hans liggur um 2 m utan við það. Framkvæmdirnar koma því til með að rjúfa friðhelgi minjanna og stafar þeim hættu af þeim.



Mynd 24. Gerði [3190-021], mynd tekin til austurs.

3190-022 – Girðing



Mynd 25. Girðingarleifar [3190-022], bæjarstæði Kleppjárnsstaða í bakgrunni. Mynd tekin til suðurs.

Frá suðurenda Stekkavatns liggur lágur garður að akveginum neðan við tún. Garðurinn er vaxinn grasi og lyngi, um 0.2-0.4 m á hæð og um 0.7 m á breidd. Lega garðsins virðist vera í línu við núverandi túngirðingu sem liggur nokkuð þétt vestan við veginn og er að öllum líkindum leifar girðingar sem þarna hefur staðið. Í búskaparannál Kleppjárnsstaða segir að túngirðing hafi verið reist um 1927, stuttu seinna túngirðing um beitarhúsatún og hagagirðing um 1935.³⁰ Minjarnar eru greinilegar á gamalli loftmynd frá 1967 og er girðingin sennilega reist á milli 1930 og 1960.

Fyrirhuguð lega strengsins liggur í gegnum suðurhluta minjanna og stafar þeim hætta að framkvæmdunum. Minjarnar njóta þó ekki friðunar sökum aldurs.

3190-023 – Nátthagi

Minjarnar eru staðsettar rúmum hálfum kílómetra utan við bæjarstæðið á Kleppjárnsstöðum, við mitt Stekkavatn vestan megin. Í örnefnaskrá Kleppjárnsstaða segir: „*Spölkorn utan við túnið er lítið stöðuvatn, kallað Stekkavatn. Ofan við vatnið var Nátthagi, byggður milli vatnsins og kletts sem nefndur er Nátthagaklettur.*“³¹ Minjarnar hafa áður verið skráðar í svæðisskráningu Fornleifastofnunar Íslands og fengu þar númerið NM-089:004.³² Minjarnar sem skráðar voru nú eru tvíþættar. Annars vegar eru það tvö garðlög sem liggja frá Stekkavatni að Nátthagakletti og mynda lokaðan nátthaga [3190-023], og hins vegar tvær hleðslur innan við norður vegg nátthagans [3190-034] sem hafa líklega verið stekkur innan nátthagans.

[3190-023]: Tveir garðar liggja í þremur brotum frá Nátthagakletti að Stekkavatni og afmarka þannig tæplega 60x30 m stórt svæði milli vatnsins og klettsins. Hleðslan sunnan megin er rofin nálægt miðju, sem líklega er nútímarask þar sem ljósleiðari Orkuþjarskipta hefur verið lagður í gegnum minjarnar.³³ Vegghæð garðanna er á bilinu 0.3-0.8 m og mesta breidd veggja um 1.5 m og virðast þeir vera hlaðnir torfi og grjóti. Garðlagið norðan megin nær ekki alla leið að vatninu og innan við það er hlaðinn minni garður sem myndar lítið aðhald. Frá austur enda nyrðra garðlagsins virðist liggja nokkuð ógreinilegt garðlag

³⁰ Ármann Halldórsson, (1974), bls. 344.

³¹ Örnefnaskrá Kleppjárnsstaða, (1970), bls. 2.

³² Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, (1999), bls. 51.

³³ Ekki er hægt að sjá á Minjavefsjá Minjastofnunar að fornleifaskráning hafi farið fram áður en ljósleiðari Orkuþjarskipta var lagður.

langleiðina að klettinum utan við litla aðhaldið [3190-034]. Líkt og við syðri vegginn hefur lagning ljósleiðara Orkufjarskipta eitthvað raskað minjunum.

[3190-034]: Við miðjan norðurvegg náthagans að innanverður er lágur garður sem myndar lítið ferhyrnt aðhald við vegg náthagans. Vegghæð er á bilinu 0.2-0.4 m og breidd veggja um 1 m. Utan um aðhaldið er annað lágt garðlag, nokkuð illgreinanlegt, sem liggur frá austur enda náthagaveggjarins í boga í átt að Náthagaklettinum. Er vegghæð garðlagsins um 0.2-0.4 m og breidd um 1 m. Trúlega er þetta stekkur innan náthagans sem örnefnið Stekkavatn vísar til.

Minjarnar við Náthagaklett eru líklega ekki mjög fornar en trúlega má tímasetja þær til 18.-19. aldar. Fyrirhuguð lega strengsins lá í gegnum hluta minjanna en vegna breytingar á legu hans upp fyrir klettinn stafar minjunum ekki hætta af framkvæmdunum.



Mynd 26. Náthagi og stekkur [3190-023 & 034]. Mynd tekin ofan af Náthagaklett til austurs, Stekkavatn í bakgrunni.

Brekka & Lindarhóll

Lindarhóll er nýbýli úr landi Brekku, stofnað árið 1950 á hálfri Brekkujörðinni. Brekka var konungseign, síðar þjóðjörð og loks bændaeign um fyrri hluta 20. aldar. Í jarðatali Johnsen er Brekka metin á 12 hðr að dýrleika.³⁴ Tvíbýli var á jörðinni frá 1914 þar til að stofnað var nýbýlið Lindarhóll. Baðstofan á Brekku var endurbyggð stuttu fyrir 1890 og efnið úr henni endurnýtt. Búið var í henni til 1964 en þá var hún keypt af Menningarsamtökum Héraðsbúa. Hún var rifin árið 1969 með hjálp Þjóðminjasafns Íslands.³⁵ Stendur baðstofan nú til sýnis á Minjasafni Austurlands.

Þær minjar sem mældar voru í landi Lindarhóls og Brekku eru allar staðsettar á milli Búðarvatns og Mjóavats, stutt frá landamerkjum Brekku og Kirkjubæjar, spölkorn frá sumarbústaðnum Lindarbæ. Örnefnaskrá Brekku og Lindarhóls getur um gamlar rústir yst á svonefndum Ási milli vatnanna tveggja og kallast svæðið Ekra.³⁶ Eru minjarnar við Ekru líklega leifar fornbylis eða selstöðu frá Brekku, en þær liggja við útjaðar jarðarinnar. Minjunum hefur áður verið lýst af Baldri Grétarssyni, þáverandi bónda á Kirkjubæ, í Múlaþingi og birtist þar teikning af minjunum á loftmynd af svæðinu.³⁷ Ekki fundust allar þær minjar sem þar er lýst við vettvangskönnun nú, en svæðið er mjög stórþýft og minjarnar illgreinanlegar. Skráðar voru nú 9 fornleifar í landi Brekku og teljast tvær þeirra í hættu vegna framkvæmdanna, það eru Tóft [3190-025] og Landamerkjagarður [3190-026] en í báðum tilvikum koma framkvæmdirnar til með að rjúfa friðhelgað svæði umhverfis minjarnar.

³⁴ J. Johnsen, (1837), bls. 354.

³⁵ Ármann Halldórsson, (1974), bls. 346-347.

³⁶ Örnefnaskrá Brekku og Lindarhóls, (1970), bls. 3.

³⁷ Baldur Grétarsson, (2011), bls. 64-82.



Mynd 27. Garðlag [3190-024] fyrir miðri mynd, myndin er tekin með dróna til norðurs.

Garðlagið liggur vestan og ofan við rústasvæðið við Ekru, austan í ásnum sem liggur milli Búðarvatns og Mjóavatns. Garðlagið er illgreinilegt og nokkuð sokkið í stórpýfðu mólendinu. Garðurinn var greinilegur á um 90 m löngum kafla og liggur hann norður-suður eftir ásnum. Vegg hæð er á bilinu 0.2-0.4 m og er hann um 1.5 m á breidd. Fyrirhuguð lega strengsins kom til með að þvera garðinn en vegna breytinga á legu strengsins stafar minjunum ekki hættu af framkvæmdinni.



Mynd 28. Tóft [3190-025] fyrir miðri mynd, myndin er tekin með dróna til austurs.

Tóftin er staðsett neðst austan undir ásnum sem stendur milli Mjóavatns og Búðarvatns. Austan við ásin alla leið að Búðarvatni er slétt mýrlendisflöt og stendur tóftin efst í henni. Minjarnar eru nokkuð sérkennilegar að gerð en þær samanstanda af stalli sem er umlukinn stóru og þykku garðlagi. Stutt bil er á milli garðlagsins og stallsins og er eins og mjór áll á milli. Minjarnar eru ferhyrningslaga og með rúnuðum hornum, grónar grasi, lyngi og fjalldrapa. Á brún stallsins sem stendur innan garðlagsins virðast vera lágir veggir. Hæð garðlagsins er á bilinu 0.2-0.4 m og er það um 1.5 m á breidd, lágu veggirnir á stallinum virðast vera um 0.2 m á hæð og um 1 m á breidd. Stallurinn sjálfur er um 10x8 m á stærð en með garðlaginu þekja minjarnar um 16x16 metra svæði. Minjarnar eru forvitnilegar að útliti og gerð en ekki er ljóst hvaða hlutverki þær hafa þjónað. Austurhluti minjanna var rúmum 14 m frá fyrirhugaðri legu strengsins en vegna breytinga á legu hans liggur hann nú um 3 m austan við minjarnar og stafar minjunum því hætta af framkvæmdunum.



Mynd 29. Forn landamerkjagaráður [3190-026]. Myndin er tekin með dróna til vesturs. Mjóavatn í bakgrunn.

Á milli Mjóavatns og Búðarvatns, yst á svokölluðum Ási, liggur forn landamerkjagaráður sem skilur að lönd Brekku og Kirkjubæjar.³⁸ Minjarnar hafa áður verið skráðar í svæðisskráningu Fornleifastofnunar Íslands og fengu þar númerið NM-090:003.³⁹ Var garðlagið í fornleifaskráningunni nú mælt upp þar sem það var greinilegt. Það liggur á um 250 m kafla í fjórum bútum. Garðlagið er um 2 m á breidd og vegghæð þess er á bilinu 0.2-0.4 m. Garðlaginu hefur að hluta til verið raskað af sumarbústað sem reistur er stuttu innan við það og liggur girðing sem umlykur bústaðinn að hluta til á garðlaginu. Einnig hefur ljósleiðari Orkufjarskipta verið lagður í gegnum garðlagið neðan við ásin þar sem fyrirhuguð lega strengsins er. Veður og vindar hafa líka sett mark sitt á minjarnar, en þær eru töluvert uppblásnar á köflum. Þó að minjarnar séu ekki greinanlegar alla leið að Búðarvatni má teljast líklegt að garðurinn hafi náð alla leið þangað og sé sokkinn í bleyturnar að hluta.

³⁸ Örnefnaská Brekku og Lindarhóls, (1970), bls. 1.

³⁹ Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, (1999), bls. 52.

Fyrirhuguð lega strengsins kom til með að fara í gegnum garðlagið en breytingar voru gerðar á legu strengsins og verður hann lagður í gegnum skörð á garðlaginu. Framkvæmdirnar munu þó koma til með að rjúfa friðhelgað svæði umhverfis minjarnar.

3190-027 – Niðurgröftur – Kolagröf



Mynd 30. Kolagröf [3190-027], mynd tekin í norðaustur.

Minjarnar eru staðsettar yst á svokölluðum Ási milli Mjóavatns og Búðarvatns, ofan við sund sem sumarbústaðurinn Lindarbær stendur í. Um er að ræða nokkuð ferhyrningslaga niðurgröft, um 0.5 m á dýpt og um 1.5x1.5 m að stærð. Minjarnar voru staðsettar um 8 m norðan við fyrirhugaða legu en vegna breytinga á legu hans stafar minjunum ekki hættu af framkvæmdinni.

3190-028 – Dæld

Minjarnar eru staðsettar yst á svokölluðum Ási á milli Mjóavatns og Búðarvatns, í sundi sem er um 50 m innan við sumarbústaðinn Lindarbær sem þar stendur. Um er að ræða 7x3 m ferhyrnda dæld undir lágum klettum. Dældin er grafin inn í lága brekku og er opin til austurs. Þrjár aðrar tóftir standa í sundinu spölkorn frá minjunum og eru þær líklega samtíða. Hlutverk minjanna er ekki skýrt en mögulega hefur eitthvað mannvirki staðið þarna.

Minjarnar eru vaxnar grasi, mosa og fjalldrapa og liggja í stórþýfðu landi sem gerir þær heldur illgreinilegar.

Minjunum stafar ekki hættu af framkvæmdunum.



Mynd 31. Dæld [3190-028] fyrir miðri mynd. Mynd tekin til vesturs.

3190-029 – Tóft

Minjarnar eru staðsettar yst á svokölluðum Ási milli Mjóavatns og Búðarvatns í sundi um 50 m innan við sumarbústaðinn Lindarbæ sem þar stendur. Tóftin stendur yst í rústaþyrpingu sem staðsett er þarna í sundinu. Vegghæð tóftarinnar er á bilinu 0.3-0.4 m og mesta breidd veggja um 1.2 m. Minjarnar standa í stórþýfðu og grófu landslagi og eru nokkuð illgreinanlegar, eru vaxnar lyngi og fjalldrapa. Tóftin er um 7x5 m að stærð og dæld er í henni miðri, en ekki er greinanlegur inngangur á henni.

Minjunum stafar ekki hættu af framkvæmdunum.



Mynd 32. Tóft [3190-029] fyrir miðri mynd. Mynd tekin til suðurs.

3190-030 – Þúst



Mynd 33. Þúst [3190-030] fyrir miðri mynd. Mynd tekin með dróna til vesturs.

Minjarnar eru staðsettar yst á svokölluðum Ási milli Mjóavatns og Búðarvatns, í sundi um 80 m innan við sumarbústaðinn Lindarbæ sem þar stendur. Um er að ræða 16x10 m, ílanga og nokkuð hringlaga, lága þúst sem liggur í nokkuð grófu og stórþýfðu landi. Minjarnar eru

grónar lyngi og fjalldrapa og eru heldur illgreinanlegar. Minjarnar standa í rústaþyrpingu sem er staðsettar þarna í sundinu.

Minjarnar voru staðsettar rúma 3 m norðan við fyrirhugaða legu strengsins en vegna breytinga á legu hans stafar minjunum ekki hætta af framkvæmdinni.

3190-031 – Tóft

Minjarnar eru staðsettar í rústaþyrpingu yst á svokölluðum Ási milli Mjóavatns og Búðarvatns, í sundi sem er um 60 m innan við sumarbústaðinn Lindarbæ sem þar stendur. Tóftin er 11 m á lengd og rúmir 5 m á breidd með leguna norður-suður. Inngangur er nyrst á tóftinni og snýr til austurs. Innra rými tóftarinnar er tæpir 2 m á breiddina og um 7 m á lengdina. Stórir og þykkir veggir eru á tóftinni, á bilinu 0.4-0.8 á hæð og 2 m á breidd. Umhverfið á svæðinu eru stórþýfðir lyngmóar, vaxnir lágum fjalldrapa og eru aðrar rústir á svæðinu nokkuð illgreinanlegar, en tóft [3190-031] er þó nokkuð vel greinanleg. Minjarnar lágu um 5 m norðan við fyrirhugaða legu strengsins en vegna breytinga á legu hans stafar minjunum ekki hætta af framkvæmdinni.



Mynd 34. Tóft [3190-31] fyrir miðri mynd. Sumarbústaðurinn Lindarbær í bakgrunni, mynd tekin til norðurs.



Mynd 35. Tóft [3190-032], sést í Búðarvatn í bakgrunni. Mynd tekin til suðausturs.

Minjarnar eru staðsettar yst á svokölluðum Ási milli Mjóavatns og Búðarvatns í sundi þar sem það opnast í átt að Búðarvatni, um 80 m norðaustan við sumarbústaðinn Lindarbæ sem þar stendur. Tóftin er um 12x6 m á stærð, hæð veggja er á bilinu 0.2-0.6 og mesta breidd um 1.5 m. Tóftin stendur við aflíðandi brekku og virðast veggirnir í þeirri hlið sem snýr upp brekkuna vera töluvert meiri um sig en þeir sem standa neðar. Enginn inngangur er greinanlegur á tóftinni en dæld er í henni miðri. Umhverfið á svæðinu eru stórþýfðir lyngmóar vaxnir lágum fjalldrapa og standa minjarnar austast í rústaþyrpingu sem liggur þarna í sundinu.

Fyrirhuguð lega strengsins lá þvert í gegnum minjarnar en vegna breytinga á legu hans stafar minjunum ekki hættu af framkvæmdinni.

Niðurstöður

Í heildina voru skráðar 33 minjar á vettvangi, af skráðum minjum eru sjö sem hafa ekki náð nógu háum aldri til að njóta friðunar sökum aldurs. Þær minjar eru sex girðingaleifar: [3190-018, -006, -008, -022, -010 & -016], og gamli vegurinn að Kleppjárnsstöðum [3190-020]. Af skráðum minjum eru því 25 sem teljast til fornleifa og njóta friðunar sökum aldurs, af þeim

25 eru 10 minjar sem teljast í hættu vegna framkvæmdanna. Verður hér farið yfir minjarnar sem stafar hættu af framkvæmdunum og lagðar til mótvægisaðgerðir.

Minjar í hættu í landi Straums



Mynd 36. Staðsetning minja í hættu ásamt upprunalegri og breyttri legu strengsins.

Eftir að legu strengsins var breytt eru það aðeins minjar [3190-033] sem eru í hættu vegna framkvæmdanna. Um er að ræða reiðgötur sem liggja í sundi milli tveggja ása stutt norðan við bæinn á Straumi. Minjarnar eru þess eðlis að frekari rannsókn á þeim er ólíkleg til þess að skila miklu og er það mat þess sem hér ritar að uppmæling minjanna séu nægilegar mótvægisaðgerðir.

Minjar í hættu í landi Galtastaða fram

Minjar eru í hættu vegna framkvæmdanna á tveimur svæðum í landi Galtastaða fram.

Annarsvegar eru það minjar sem skráðar voru í deiliskráningu Ármanns Guðmundssonar árið

2019⁴⁰ við bæjarstæði Galtastaða fram og hinsvegar minjar skráðar nú við bæjarlækinn þar sem hann rennur norðan við tún.




Mynd 37. Minjar í lagnaleið við bæjarhólinn á Galtastöðum fram.

Þær minjar sem skráðar voru af Ármanni Guðmundssyni 2019 sem eru í hættu vegna framkvæmdanna nú er bæjarhólinn á Galtastöðum fram [2050-01], niðurgröftur og óþekkt hleðsla [2050-21], framræsluskurður [2054-34] og heimild um öskuhaug sem kom í ljós í undan hornstaurnum þegar girt var um bæinn 2012 [2050-32].⁴¹ Eins og fyrr segir hafa verið teknir könnunarskurðir í og við bæjarhólinn og niðurgröftinn. Könnunarskurðurinn sem tekinn var í eldri lagnaskurð í bæjarhólinn leiddi það í ljós að hann var töluvert minni en fyrri mælingar gáfu til kynna. Í skurðinum kom einnig í ljós rótað torflag úr byggingu yngri en 1477. Annar skurður var tekin milli minja [2050-21] og bæjarhólsins. Ekki var vart við neina mannvist í skurðinum en var hann einungis 20 cm djúpur. Sökum þéttleika minja á svæðinu í kringum bæjarhólinn er erfitt að finna strengnum leið þar sem hann veldur ekki raski. Verður

⁴⁰ Ármann Guðmundsson, (2020).

⁴¹ Ármann Guðmundsson, (2020), bls. 13, 31, 41 & 43.

hér því lagt til að fornleifafræðingur hafi eftirlit með framkvæmdunum eða könnunarskurður grafinn sem varpað gæti ljósi á aldur, eðli og umfang minjanna.



Mynd 38. Staðsetning minja í hættu ásamt upprunalegri og breyttri legu strengsins í landi Galtastaða fram.

Minjarnar við bæjarlækinn norðan við tún sem eru í hættu vegna framkvæmdanna eru: mylla [3190-12], tvær leiðir [3190-011 & 3190-015], tvær dysjar [3190-013 & 3190-014] og aðhald [3190-017]. Standa þessar minjar allar í eða innan við 15 m radíus frá fyrirhugaðri legu strengsins.


Lega strengsins liggur þvert í gegnum leiðirnar tvær [3190-011 & -015], eru þær þess eðlis að nægilegar mótvægisáðgerðir að mati þess fornleifafræðings sem þessa skýrslu ritar væru uppmæling og lýsing á minjunum, sem hefur nú verið gert.

Myllan [3190-12] stendur um 14 m sunnan við fyrirhugaða legu strengsins, dys [3190-013] er staðsett um 10 m austan við mylluna um 11 m sunnan við legu strengsins. Dys [3190-014] stendur svo um 18 m norðan við mylluna og dys [3190-13] um 5 m norðan við fyrirhugaða legu strengsins. Eru minjarnar þess eðlis að ólíklegt verður að teljast að frekari fornleifar liggi undir sverði umhverfis þær og er það mat skráanda að nægilegar mótvægisáðgerðir séu að merkja minjarnar kyrfilega á meðan á framkvæmdinni stendur og hlífa þeim þannig við raski.

Aðhald [3190-017] stendur um 100 m vestan við hinar minjarnar stutt neðan við heimreiðina að Galtastöðum fram. Minjarnar eru um 14 m vestan við fyrirhugaða legu strengsins eftir að breyting var gerð á legu hans og eru því í hættu vegna framkvæmdina. Minjarnar liggja því að mestu leiti utan við áhrifasvæði framkvæmdanna og er það mat skráanda að nægilegar mótvægisáðgerðir séu að merkja vel fyrir minjunum og hlífa þeim þannig við raski.

Minjar í hættu í landi Kleppjárnsstaða

Í landi Kleppjárnsstaða eru einar skráðar minjar í hættu vegna framkvæmdanna, um er að ræða lítið gerði nokkuð þétt við veginn sem liggur neðan við Kleppjárnsstaði.




Mynd 39. Gerði [3190-021] austan við Kleppjárnsstaði ásamt upprunalegri og breyttri legu strengsins og áhrifasvæði..

Eftir breytingu á legu strengsins liggur hann nokkuð þétt austan við minjarnar í um 2 m fjarlægð. Til að koma í veg fyrir rask á minjunum mætti hliðra línunni enn lengra til austurs eða merkja minjarnar vandlega og tryggja það að þeim verði ekki raskað við framkvæmdirnar.

Minjar í hættu í landi Brekku

Í landi Brekku er nokkuð þétt minjasvæði sem stafar hættu af framkvæmdunum. Við og stuttu sunnan við sumarbústaðinn Lindarbæ við svokallaða Ekru voru skráðar níu minjar og teljast

tvær þeirra í hættu vegna framkvæmdanna. Um er að ræða fornan landamerkjagaráð [3190-026] og tóft [3190-25]. Gefur útlit og gerð minjanna til kynna að hér gæti verið um fornt bæjarstæði eða selstöðu að ræða en þarna ber að líta nokkuð óvenjulegar minjar.



Mynd 40. Mældar minjar hjá Ekru við sumarbústaðinn Lindarbæ, ásamt upprunalegri legu og breyttri legu strengsins og áhrifasvæði hans.

Upprunaleg lega strengsins kom til með að raska sjö af þeim minjum sem skráðar voru á svæðinu en með breytingu á legu hans eru aðeins tvær minjar sem lenda innan áhrifasvæðis hans. Liggur fyrirhuguð lega strengsins nú um skörð í landamerkjagaráðinum [3190-026] þar sem honum hefur áður verið raskað af ljósleiðara annars vegar og framkvæmdum við sumarbústaðinn hinsvegar. Tóft [3190-025] liggur um 3 m vestan við fyrirhugaða legu strengsins og stafar því töluverð hætta af framkvæmdunum. Áður hefur verið lagður ljósleiðari þétt við fyrirhugaða legu strengsins og liggur hann því um svæði sem að hluta til hefur áður verið raskað af framkvæmdum. Er það mat skráanda að til að tryggja að tóftinni verði ekki raskað verði vandlega merkt fyrir henni.

Tíu minjum stafar hætta af framkvæmdinni og hafa verið lagðar til mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir rask á minjunum. Einföldustu mótvægisáðgerðirnar fela í sér tilfærslu á

fyrirhugaðri strengleið svo hann liggi ekki í gegnum fornleifar eða innan 15 m friðhelgaðs svæði sem tilheyrir þeim. Reynist ekki mögulegt að færa legu strengsins er í sumum tilvikum hægt að merkja vandlega fyrir minjunum á framkvæmdartíma og verja þær þannig fyrir raski, reynist það ekki mögulegt gæti orðið þörf á að fram fari frekari rannsókn á þeim minjum sem verða fyrir raski. Slíkar rannsóknir gætu falið í sér töku könnunarskurðar svo meta megi aldur, eðli og umfang minjanna. Með könnunarskurði er tekinn þverskurðir í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Þar sem grunur er um að minjar verði fyrir raski sem ekki sjást á yfirborði getur verið þörf á eftirliti fornleifafræðings með framkvæmdunum. Lagðar hafa verið til hér mögulega mótvægisáðgerðir vegna þeirra minja sem stafar hætta af framkvæmdinni en það er þó Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir hefjast og er það stofnunarinnar að setja þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg.

Heimildaskrá:

Anna Lís Rúnarsdóttir, (2007). *Á tímum torfbæja – Híbýlahættir og efnismenning í íslenska torfbænum frá 1850*. Í Steinunn Kristjánsdóttir (rits.) Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2007/1. Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Ármann Guðmundsson, (2020). *Deiliskráning á Galtastöðum fram í Hróarstungu*. Þjóðminjasafn Íslands. ISSN 1670-3685

Baldur Grétarsson, (2011). Lögmanshraun – Þingstaður eða þúfnakollur. Í Jóhann G. Guttormsson & Rannveig Þórhallsdóttir (rits.) *Múlaþing – Byggðasögurit Austfirðinga*. 37. hefti. Samband sveitarfélaga á Austurlandi. Egilsstaðir

Birna Lárusdóttir, (2012). *Mannvist – Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Bókaútgáfan Opna. Reykjavík

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, (2000). *Múlasýslur, sýslu og sóknalýsingar*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík

Bönnelycke, H, (1934) Herforingjaráðskort, Norður Múlasýsla, Kirkjubæjarsókn – Hlíðarhreppur.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Þjóðminjasafn Íslands o.fl.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Minjastofnun Íslands. (2013). „Skráningarstaðlar fornleifa.“

Rannveig Þórhallsdóttir, (2023a). *Framkvæmdareftirlit hjá Galtastöðum fram í Hróarstungu, Múlaþingi, skýrsla fyrir árið 2020*. Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir, (2023b). *Framkvæmdareftirlit hjá Galtastöðum fram í Hróarstungu, Múlaþingi, skýrsla fyrir árið 2021*. Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir (2021). *Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi – Hróarstunga og Hjaltastaðabíngi*. Sagnabrunnur ehf.

Túnakort (1919) fyrir Straum, Brekku og Lindarhóls, Kleppjárnsstaði og Galtastaða fram (testbirting.manntal.is).

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, (1999). *Menningarminjar í Tunguhreppi í Norður-Múlasýslu – Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS079-98088

Örnefnastofnun (1970). Örnefnaskrá Straums, Brekku og Lindarhóls, Kleppjárnsstaða og Galtastaða fram, Norður-Múlasýslu, nú Múlaþingi.

Viðauki I. Tafla yfir skráðar fornleifar


Nr.	Teg.	Hlutverk	Hættumat	Ástand	Aldur	Firðlýst?	ÍSNET E	ÍSNET N
3190-001	garðlag	gerði	engin hætta	vel greinanleg	1550-1920	nei	713450,6	556371,83
3190-002	garðlag	gerði	engin hætta	illgreinanleg	870-1550	nei	713439,6	556370,59
3190-003	varða	óþekkt	engin hætta	vel greinanleg	870-1920	nei	713259	556352,8
3190-004	varða	óþekkt	engin hætta	vel greinanleg	870-1920	nei	713234,1	556384,4
3190-005	þúst	óþekkt	engin hætta	greinanleg	870-1920	nei	713125,6	556729,74
3190-006	girðing	óþekkt	engin hætta	illgreinanleg	1955-1967	nei	713153,4	557038,69
3190-007	garðlag	óþekkt	engin hætta	vel greinanleg	1550-1920	nei	712903,1	557101,51
3190-008	girðing	óþekkt	engin hætta	vel greinanleg	1940-1967	nei	711943,5	558064,8
3190-009	dæld	óþekkt	engin hætta	greinanleg	1550-1920	nei	711783,3	558154,72
3190-010	girðing	óþekkt	engin hætta	vel greinanleg	1970	nei	711801,1	558159,78
3190-011	vegur	óþekkt	hætta	vel greinanleg	870-1920	nei	711789,9	558181,35
3190-012	tóft	vatnsmylla	hætta	vel greinanleg	1800-1920	nei	711696,7	558166,37
3190-013	hleðsla	dys	hætta	vel greinanleg	1800-1920	nei	711684,4	558167,46
3190-014	hleðsla	dys	hætta	vel greinanleg	1800-1920	nei	711689	558186,15
3190-015	vegur	óþekkt	hætta	greinanleg	870-1920	nei	711690,5	558218,36
3190-016	girðing	óþekkt	engin hætta	vel greinanleg	1928	nei	711549,9	558173,06
3190-017	garðlag	óþekkt	hætta	greinanleg	1550-1920	nei	711572,6	558151,27
3190-018	girðing	óþekkt	engin hætta	vel greinanleg	1967-2000	nei	711608,4	558410,95
3190-019	heimild	landamerki	engin hætta	vel greinanleg	870-1920	nei	711596,4	559020,37
3190-020	vegur	leið	engin hætta	vel greinanleg	1928-1934	nei	711641,2	559813,05
3190-021	garðlag	gerði	hætta	vel greinanleg	1800-1920	nei	711488,5	559982,4
3190-022	girðing	óþekkt	engin hætta	vel greinanleg	1930-1960	nei	711460,1	560258,63
3190-023	garðlag	nátthagi	engin hætta	vel greinanleg	1550-1920	nei	711316,7	560771
3190-024	garðlag	óþekkt	engin hætta	illgreinanleg	870-1550	nei	711353	562012,75
3190-025	tóft	óþekkt	hætta	vel greinanleg	870-1550	nei	711445,9	562015,4
3190-026	garðlag	landamerki	hætta	vel greinanleg	870-1550	nei	711298,3	562231,73

3190-027	niðurgroftur	kolagröf	engin hætta	vel greinanleg	870-1920	nei	711374,2	562088,69
3190-028	dæld	óþekkt	engin hætta	illgreinanleg	870-1550	nei	711393,9	562107,77
3190-029	þúst	óþekkt	engin hætta	greinanleg	870-1550	nei	711408,4	562102,94
3190-030	þúst	óþekkt	engin hætta	illgreinanleg	870-1550	nei	711403,1	562064,37
3190-031	tóft	óþekkt	engin hætta	vel greinanleg	870-1550	nei	711401,2	562081,13
3190-032	tóft	óþekkt	engin hætta	vel greinanleg	870-1550	nei	711436,1	562069,75
3190-033	leið	reiðgata	hætta	greinanleg	870-1920	nei	713343	556552
3190-034	hleðsla	stekkur	engin hætta	vel greinanleg	1550-1920	nei	711316,7	560771

Viðauki II. Kort

Mældar minjar við strengleið

- Breytt lega
- Áhrifasvæði breyttrar legu
- Upprunaleg lega
- Áhrifasvæði upprunalegrar legu
- Mældar minjar
- Bæir



-
- Breytt lega
 - Áhrifasvæði breyttrar legu
 - Upprunaleg lega
 - Áhrifasvæði upprunalegrar legu
 - Mældar minjar, flákar
 - Mældar minjar, punktar

Mældar minjar við
Ekru

